

Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

Ráðstefna um þjónustu við fanga Uppbygging - Refsing: Andstæður

15. apríl 2005

Góðir ráðstefnugestir.

Ég vil í upphafi lýsa mikilli ánægju minni með það frumkvæði og þá viðleitni aðstandenda ráðstefnunnar til að varpa ljósi á þjónustna sem fangar fá í því skyni að bæta þjónustuna og auka betrunargildi þess sem dæmdur er.

Það má færa rök fyrir því að afstaða og meðferð samfélagsins til þeirra sem dæmdir hafa verið til fangelsisvistar fyrir lögbrot sé einn mælikvarðinn, og sumir segja mikilvægasti mælikvarðinn, á stöðu mannréttinda í viðkomandi þjóðfélagi. Það er ekkert algilt í þessum efnum en ég vona að ráðstefnan þessi dragi fram raunverulega meðferð á föngum svo við höfum yfirlit um það hvaða almennu aðstæður þeim eru búnar. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að hér skuli fjallað um þjónustu við fanga á mjög breiðum grundvelli, jafnt heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, menntun sem og aðra tengda þætti.

Þeir meðbræður okkar og systur sem dæmdir hafa verið til vistunar í fangelsum eiga sem kunnugt er óskoraðan rétt samkvæmt lögum á að njóta margvíslegrar þjónustu á við aðra borgara þjóðfélagsins, meðal annars heilbrigðisþjónustu. Mikil ábyrgð hvílir því á fangelsisyfirvöldum sem sjá um stjórn málaflokksins og til dæmis heilbrigðis- félags- og menntamálayfirvöldum.

Margir þessara ólánsömu einstaklinga hafa gengið grýttan veg áður en þeir brutu af sér, voru dæmdir og lentu í fangelsi og þörf þeirra fyrir heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, menntun og aðra samfélagslega þjónustu er því mikil.

Undanfarin misseri hefur umræðan ekki síst snúist um þann þátt þjónustunnar er að geðheilbrigðismálum snýr og ég fagna því sérstaklega að um þau skulu fjallað hér í dag. Sá málaflokkur er ekki á nokkurn hátt undanskilinn frá öðrum þáttum heilbrigðisþjónustunnar, sem okkur ber skylda til að veita. Allar aðstæður krefjast þess að veitt sé í fangelsum heildstæð almenn heilbrigðisþjónusta og ekki síst öflug sérhæfð geðlæknisþjónusta.

Undanfarna áratugi veittu læknar á Suðurlandi, einkum læknirinn á Eyrarbakka, föngum heilbrigðisþjónustu. Eins og öllum hér er kunnugt þá annast nú Heilbrigðisstofnun Suðurlands heilbrigðisþjónustu við fangelsið á Litla-Hrauni, og er þar einna mestur þungi á allri heilbrigðisþjónustu við fanga hér á landi.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hef ég nýlega veitt stofnuninni aukið fé, til að hún geti þrefaldað þá þjónustu á sviði geðlækninga sem fram til þess hefur verið veitt á Litla-Hrauni. Bind ég miklar vonir við að þetta verði til að styrkja til muna þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar sem hingað til hefur verið veitt þar. Það hefur að mínu mati verið gert eftir fremsta megni, en augljóst er að þessa þjónustu þarf að bæta og því hef ég brugðist við með

Því að auka fjárframlögin og breyta þeim þjónustusamningi sem í gildi er um þjónustuna við fanga.

Fangelsismál á Íslandi og mál fanga í víðu samhengi hafa menn verið að endurmeta og veit ég að ný framtíðarsýn verður hluti þess sem hér verður fjallað um í dag. Ég býð því spenntur eftir því að heyra samantekt frá ráðstefnunni frá embættismönnum ráðuneytisins sem munu verða hér í dag. Sjálfur þarf ég að víkja, því miður, strax af fundinum til að sitja fund ríkisstjórnarinnar sem hefst innan stundar. Ég taldi hins vegar mikilvægt að fá að ávarpa ykkur hér með fáeinum orðum og vil með því lýsa áherslum mínum á þennan málaflökk.

Ég vona að dagurinn verði öllum til gagns, ekki síst til að þjónusta við fanga megi batna á sem flestum sviðum, samhæfing aukast, stofnanir sem að málaflöknum starfa megi vinna sem mest og best saman svo úrlausnir verði með þeim hætti að við getum kinnroðalaust horft framan í fangana og státað af þjónustunni sem við veitum.

Ég segi ráðstefnuna hér með setta.
Takk fyrir.

(Talað orð gildir)